

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Reyðarfirði



Dags eftirlits	17.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Pórarinn Oddsson	Staðsetning	725312,177	512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd við stöðina var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í eftirlit í olíubirgðastöð ODR á Reyðarfirði og skoðaðar skráningar á mánaðarblöð í rekstrarhandbók. Farið var yfir skráningar á eftirliti, viðhaldi og mælingum sem kröfur eru gerðar um.

Í nýlegu starfsleyfi stöðvarinnar er gerð krafa um mælingu á olíuleifum í fráveitu aftan olíuskilju á þriggja ára fresti. Frárennsli skilju við gasolíuþró var mælt með olíuþrófi Macherey Nagel og stóðst skiljan prófið. Olíuskilja við bensínþróna var endurnýjuð í sumar (2013). Mæla þarf magn olíuleifa í frárennsli að verki loknu.

Nú eru níu geymar í notkun í stöðinni. Ákveðið var að taka geymi T0009 úr notkun eftir botnþykktarmælingu sem sýndi tæringu í botni umfram það sem öruggt gat talist. Þrjá aðra geyma skyldi botnþykktarmæla í ár og hefur það verið gert, tveir án athugasemda en ákveðið var að skipta um botn í þeim þriðja. Skipt var um botn í gasolíugeymi T1074 og hafa vinna og suður verið teknar út og samþykktar. Allir geymar í notkun eru því í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað.

Stöðin á Reyðarfirði hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Lokar í mengunavarnarþrómu stöðu lokaðir eins og kröfur eru um. Girðingar og hlið voru í lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók eru til staðar.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd við stöðina var gerð.

Reykjavík, 09.09.2013

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.